

Jónsmessunefnd

Tómthús, Sölvhólgötu 7

24. júní 2024

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Guðni Geir Einarsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Þorsteinsson, Arnar Þór Sævarsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Anna Gunnhildur Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð. Árni Sverrir Hafsteinsson sérfræðingur á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála tók þátt í fyrsta lið í dagskrá nefndarinnar.

1. Kostnaður við þjónustu við fatlað fólk með hliðsjón af auknu fjármagni til rekstrar - kynning (ÁSH/GGE).

GGE sagði að framlög vegna þjónustu við fatlað fólk hefði hækkað úr ríflega 11 milljörðum í 43 milljarða á árabílinu frá 2011 til 2024. Hækkun útsvarsstofns um 0,22% árið 2023 og aftur um 0,23% á yfirstandandi ári hefði skilað sveitarfélögunum 11,4 milljörðum af þeirri upphæð.

ÁSH sagði í kynningu að með breytingunni rynni 1,69% útsvarsstofns sveitarfélaganna til málaflokks fatlaðs fólks á þessu ári. Ef miðað væri við núverandi hlutfall hefði rekstrarafkoma fleiri en færri sveitarfélaga í málaflöknum verið jákvæð árið 2022. Þó hefðu nokkur sveitarfélög enn verið í halla. Mestur halli hefði verið hjá Reykjavíkurborg eða ríflega 5,3 milljarðar. Sú upphæð nemur hátt í heildarhalla allra sveitarfélaga upp á rúmlega 5,5 milljarða miðað við ofangreindar forsendur. Næst mestur halli hefði verið hjá Hafnarfjarðarbæ eða tæplega 1,2 milljarðar.

EP sagði að Reykjavíkurborg gæti ekki staðið undir lagalegri skyldu sinni gagnvart fötluðu fólkum án aukinna framlaga til málaflokksins. Beðið er niðurstöðu framhaldsnefndar um kostnaðarmat í málaflöknum. Þar er meðal annars til umfjöllunar hversu mikið af þriðja stigs þjónustu við fullorðna ætti að vera á hendi ríkisins. Fram kom að stefnt hefði verið að því að nefndin skilaði niðurstöðu 25. júní.

Að frumkvæði fulltrúa sveitarfélaganna bókaði nefndin sérstaklega að mikilvægt væri að vinnu framhaldsnefndarinnar væri hraðað eins og kostur væri.

2. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga – sameiginleg verkefni – umræður út frá yfirliti (APS, HBH).

Lagður var fram listi yfir sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga samkvæmt samningum stjórnslustiganna þar um. Samþykkt var að óska eftir að listinn yrði settur upp með aðgengilegri hætti fyrir næsta fund. Á fundinum yrði farið yfir farveg verkefna. Að tillögu HBH var samþykkt að nefndin færi yfir framgang verkefna reglulega tvisvar á ári.

3. Samhæfing í stafrænni þjónustu hins opinbera - minnisblað (APS).

APS lagði fram minnisblað starfshóps Sambands íslenskra sveitarfélaga, fjármála- og efnahagsráðuneytis og innviðaráðuneytis um tækifæri stjórnsýslustiganna tveggja til þéttara samstarfs á sviði stafrænnar umbreytingar. Í minnisblaðinu eru settar fram þrjár sviðsmynd, þ.e. samstarf í óbreyttri mynd, stofnun stýrihóps um samstarfið og að síðustu sameiginlega verkefnisstofu hins opinbera í stafrænum málum. Nefndin var sammála um að þéttara samstarf fæli í sér mikil tækifæri fyrir hið opinbera til að stuðla að markvissari þjónustu við íbúa með hagkvæmari hætti þótt gæta þyrfti að þáttum eins og samkeppnissjónarmiðum.

Samþykkt var að koma á fót stýrihópi ríkis og sveitarfélaga til að tryggja samráð og samstarf í stafrænum málum með fulltrúum þeirra sem vinna að framkvæmd stafrænnar umbreytingar (Stafrænt Ísland, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg). Samhlið verði unnið að ítarlegri fýsileikakönnun um frekara samstarf síðar. Starfshópi fulltrúa innviðaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Sambandsins var falið að móta tillögur um framkvæmd þessara tveggja strauma á næsta fundi Jónsmessunefndar þann 14. ágúst.

4. Undirnefndir Jónsmessunefndar – skipulag stöðutöku (allir).

Samþykkt var að óska eftir að fulltrúar undirnefnda Jónsmessunefndar gerðu grein fyrir störfum nefndanna á næsta fundi Jónsmessunefndar.

Eftirtaldir voru nefndir:

- Helga Jónsdóttir vegna samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál.
- Tryggvi Þórhallsson vegna samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu (Grábókarnefndar).
- Einar Gunnar Thoroddsen vegna samráðsnefndar um stafræna þróun hins opinbera.

Jafnframt var óskað eftir að eftirtaldir yrðu boðaðir á næsta fund nefndarinnar:

- Kristín Linda Árnadóttir, formaður kjaramálaráðs.
- Jökull Heiðdal Úlfsson, formaður samninganefndar ríkisins.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir á fundinum.

Fundurinn stóð yfir frá 13.00 til 14.30.